

## Spekingur vikunnar

1. Hvað heitir þú ? **Lydia.**
2. Hvað ertu gamall/gömul ? **3 ára.**
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni ? **Hvað er fjölskylda?**
  - a. Það eru t.d. mamma þín og pabbi. Hvað heita þau ? **Já, Herdís og Þórhallur Aron.**
  - b. Áttu systkini ? **Já! Hvað er systkini ?**
  - c. Bróðir eða systir. Átt þú svoleiðis ? **Já. Bróðir.**
  - d. Hvað heitir bróðir þinn ? **Hjalti Jakob.**
4. Hvað finnst þér gott að borða ? **FISK.**
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera ? **Lita.**
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera ? **Hvað er leiðinlegt ? Ekki neitt.**
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera ? **FROSKUR.**
  - a. Af hverju ? **Hann hoppar svo mikið.**
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn ? **Fjólublár. Eins og þessi! (og bendir á naglalakkið sitt. Bætir svo við..) Ég er líka með naglalakk á tásunum.**
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna ? **Egg. Fjólublátt.**
  - a. Hvernig egg ? **Hænuegg ? Já og geitaegg.**
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ? **SVOOONA stór (og lyftir upp höndunum). Lydia borðar allan matinn sinn!**
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag ? **Með pabba og mömmu.. og afa.**
  - a. Og hvert myndir þú vilja fara með þeim ? **Til ömmu í „ömmu þóru hús“.**
12. Af hverju er himininn blár ? (Hugsar sig um og horfir út um gluggan) **...og gulur og appelsínugulur! (Horfir aftur út um gluggan, hugsar sig um og svarar svo..) Ég málaði hann!**

